

28. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til rikissjóðs 15 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða þriðjung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir rikisborgarar.

Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922 og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921 og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Ef sannað er fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, er það tekur gildan, áður ár sje liðið frá gjalddaga skattsins, að flutningabifreið hafi eitthvert ár verið notuð eingöngu innanbæjar eða innansýslu, á vegum, sem rikissjóður kostar að engu leyti viðhald á, skal skatturinn endurgreiðast bæjarsjóði eða sýslusjóði, þar sem bifreiðin hefir verið notuð.

6. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í rikissjóð eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans og um reikningsskil fer eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1919 flutti fjárhagsnefnd Nd. frumv., er fór í svipaða átt og framanritað frumv. Það frumv. var samþykkt í Nd. en var felt í Ed., mest vegna þess, að svo var litið á í þeirri deild af ýmsum, að vegir hjer á landi væru í svo slæmu ástandi, að eigi væri heimtandi skattur, af bifreiðum fyrir afnot þeirra. En þessi hugsanagangur sýnist ekki rjettur, því að það er auðsætt, að þessi farartæki spilla mjög vegunum og valda því þannig að meira þarf til viðhalds þeim en ella mundi. Og vitaskuld er það ekki rjetta leiðin til að fá vegina bættu að undanþiggja skatti þau farartæki, sem mest spilla þeim. Hitt sýnist miklu nær að láta þessi farartæki greiða skatt, með það fyrir augum, að því fje, sem skatturinn nemur, sje varið til að bæta vegina. Þetta á við um allar bifreiðar, hvort sem þær eru til vöruflutninga eða mannflutninga. En auk þess er og rjettmætt, að leggja annarskonar skatt á mannflutningabifreiðar, sem sje »luxus-skatt«, þar sem því verður alls eigi neitað, að þessi tegund bifreiða er að eigi all-litlu leyti notuð til aksturs og ferða, sem á engan hátt getur talist nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum er í frumv. gerður munur á vöruflutninga- og mannflutningabifreiðum, enda er svo einnig í öðrum löndum og virðist mjög eðlilegt. Bifreiðar munu nú vera skrásettar og að ýmsu leyti undir eftirliti hins opinbera í flestum eða öllum löndum, en af þessu hefir hið opinbera nokkurn kostnað og rjettlætir þetta nokkurn skatt á farartækjum þessum.

Eftir því sem næst verður komist mundi skattur þessi nema um 50 þús. kr. á ári, ef frumv. þetta yrði samþykkt óbreytt.

Um hinar einstöku greinar frumv. er þess að geta, sem hjer segir.

Um 1. gr.

Flestar mannflutningabifreiðar, sem notaðar eru hjer á landi munu hafa vjelar með 18—24 hestorkum og yrði því skattur þessi 270—360 kr. á ári af hverri bifreið og er það miklu minni skattur, en greiddur er af svipuðum bifreiðum t. d. í Danmörku. Skatturinn þar af bifreið með 18 hestorkna vjel er um 800 kr. á ári, en ástæðan til, að eigi er stungið upp á hærri skatti hjer er sú, að á vorum vegum þarf hlutfallslega allmiklu sterkari vjelar en á vel góðum vegum.

Bifhjól (mótor-cycler) falla að öllu leyti undir sömu reglu og eiginlegar bifreiðar.

Um 2. gr.

Eftir því, sem að framan er tekið fram, um tilgang þessa skatts er það auðsætt, að skatturinn á að vera lægri á vöruflutningabifreiðum en mannflutningabifreiðum. Hins vegar geta hinar fyrnefndu, eftir þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar, ekki orðið skattfrjálsar. Aftur á móti er það álitamál hversu miklu skuli muna, og um þetta atriði má því að sjálfsögðu deila. Í Danmörku greiða vörubifreiðar hálfan skatt móts við mannflutningabifreiðar, en hjer er stungið upp á, að þær greiði að eins þriðjung, og er það gert með sjerstöku tilliti til hversu nauðsynlegar þær verða að teljast.

Um 3. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er því nær alveg samhljóða tilsvarendi grein í nefndu frumv. frá árinu 1919. Að eins er bætt við ákvæði um, að skatturinn teljist að eins fyrir heila mánuði til að komast hjá nákvæmum brotareikningi.

Um 5. gr.

Í frumv. 1919 voru engin ákvæði, sem svara til þessarar greinar. En þegar svo stendur á, að bifreið er aðeins notuð á vegum, sem ríkissjóði eru óviðkomandi og jafnan innan sama umdæmis, er ekki sanngjarnt, að ríkissjóður taki skattinn, að því leyti sem hann er fyrir slit á vegum. En af þessu leiðir, að undantekningin í þessari grein á aðeins við vörubifreiðar, sjerstaklega vegna þess að hin tegund bifreiðanna (mannflutningabifreiðar) á einnig að greiða annars konar skatt («luxus-skatt») og enn fremur vegna þess, að þær munu naumast nokkuru sinni vera svo staðbundnar, að regla greinarinnar geti átt við þær.

Endurgreiðslur þær, sem hjer ræðir um, valda að sjálfsögðu nokkurri fyrirhöfn, en þar sem reglan virðist sanngjörn, þykir rjett að taka hana upp. Að sjálfsögðu fer endurgreiðsla eigi fram nema eftir beiðni hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Um 6. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.